

27. fundargerð stýrihóps um byggingu nýs íþróttahúss

13. febrúar 2025 – kl. 8:15 í ráðhúsi Hornafjarðar

Mætt: Björgvin Óskar Sigurjónsson, Björgvin Erlendsson, Eyrún Friða Árnadóttir, Magnús Rannver Rafnsson, Sigurjón Andrésson.

Fundargerð ritaði: Þórgunnur Torfadóttir.

Dagskrá

1. Farið yfir fyrstu tillögur frá mannvirkjasvið um útfærslu á leið A - íþróttahúsi á gamla malarvellinum. Mannvirkjasvið hefur í samráði við bæjarstjóra skoðað með hvaða hætti er hægt að byggja íþróttahús á hagkvæmari hátt. Gert var ráð fyrir tveimur milljörðum og sviðið var beðið um að reyna að koma fyrir íþróttahúsi og gervigrasi fyrir þessa upphæð.

Á fundinum kynnti Magnús Rannver starfsmaður mannvirkjasviðs kostnaðaráætlun þar sem gert er ráð fyrir nýju íþróttahúsi að mestu í samræmi við tillögu A ásamt gervigrasi og hljómaði tillagan upp á tæpa tvo milljarða. Einnig fór Magnús yfir hugmyndir að heildarskipulagi svæðisins eins og það gæti litið út í framtíðinni þegar búið verður að byggja við Heppuskóla, gera tengingu milli skólans og íþróttahúss og einnig hvernig tenging yfir í gamla íþróttahúsið og sundlaugina gæti litið út.

Björgvin Sigurjóns óskaði eftir því að sama vinna færi fram gagnvart tillögu C viðbyggingu við gamla íþróttahúsið. Ekki var tekin ákvörðun um það.

Einnig óskaði Björgvin eftir því að þessar tillögur yrðu kynntar sem best fyrir hagaðilum en einnig öðrum bæjarbúum.

Ákveðið var á fundinum að Magnús og Sigurjón vinni áætlun um það hvernig þessar hugmyndir verði kynntar fyrir hagaðilum en þeir ætla að meira í kynningunni áður en hún verður gerð opinber.

1. Búið er að taka jarðvegssýni á gamla malarvellinum og var minnisblað frá mannvirkjasviði með niðurstöðum könnunarinnar lagt fyrir fundinn. Niðurstöður jarðvegskönnunar sýna að það eru að meðaltali 9 - 9,5 metrar niður á fast á svæðinu. Gera þarf því ráð fyrir að íþróttahús verði staðsett á 7,5 – 8 metra lögnum staurum. Ekki var gerð jarðvegskönnun á miðsvæðinu þar sem undirbúningsvinna nýs íþróttahúss miðar nú við staðsetningu A á gamla malarvellinum. Gömul loftmynd gefur þó vísbendingu um að jarðvegur á miðsvæði sé ekki ólíkur jarðvegi á malarvellinum. Því má gera ráð fyrir að íþróttahús verði staðsett á staurum óháð

staðsetningu þess og að kostnaður við útfærslu á undirstöðum verður sambærilegur í báðum tilfellum. Kostnaður við könnun á jarðvegisdýpi á malarvellinum var 1,21 milj. kr. Áætlaður kostnaður við borun á miðsvæði er hærri, þar sem gera þarf ráð fyrir lagfæringum á malbikuðu yfirborði.

2. Kostnaðarflæðisgreining frá Ragnari Ómarssyni vegna bygginga A, B og C lögð fram til upplýsingar fyrir fundinn – málið ekki tekið til efnislegrar umfjöllunar.

Öðrum dagskrárliðum vísað til næsta fundar sem verður 20. febrúar.